



Fundargerð aðalfundar MS-félags Íslands 2019

Aðalfundur félagsins haldinn þann 9. maí 2019 kl. 17:00 að Sléttuvegi 5.

Fundinn sátu 25 félagsmenn.

Áður en formlegur aðalfundur hófst, lýsti Björg Ásta Þórðardóttir, formaður, *Sigurbjörgu Ármannsdóttur heiðursfélaga MS-félagsins*, afhenti henni blóm og gjöf og þakkaði henni afburðargóð störf fyrir MS-félagið á liðnum árum.

Dagskrá:

Berglind Guðmundsdóttir var kosin fundarstjóri og María Þorsteinsdóttir fundarritari. Að því loknu úrskurðaði Berglind fundinn lögmætan og fór yfir dagskrána.

1. Skýrsla stjórnar:

Björg Ásta Þórðardóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnarinnar fyrir liðið ár. Á árinu fagnaði félagið 50 ára afmæli og var þess sérstaklega minnst með ýmsum hætti. Blað félagsins fékk nýtt útlit og nafn og heitir nú MS-blaðið. Tvær afmælisútgáfur voru gefnar út, önnur tileinkuð sögu og starfsemi félagsins og hin rannsóknnum og meðferðarúrræðum. Vegleg og vel sótt afmælisráðstefna var haldin í september með yfirskriftinni *MS-sjúkdómurinn – staða og horfur*. Hægt er að nálgast upptökur frá henni á heimasíðunni. Að venju var áhersla lögð á fræðslustarf og haldinn metfjöldi námskeiða, s.s. fyrir nýgreinda, aðstandendur, maka og börn ásamt námskeiðum í Yoga, reiðnámskeiði og HAM námskeiðum. Fjöldi fræðigreina var birtur á heimasíðu, könnun var gerð meðal MS-greindra um meðferð og þjónustu á heimasíðu og fræðslufundir haldnir, þar af einn fræðslufundur á Suðurnesjum.

Félagið hlaut Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands fyrir bæklinga sína um MS-sjúkdóminn, sem Bergþóra Bergsdóttir á mestan heiður af.

Styrktarsjóður til náms fyrir ungt fólk með MS styrkti 7 einstaklinga á árinu 2018.

Ýmsar breytingar urðu á þjónustu félagsins. Útleigu á íbúð að Sléttuvegi 9 var hætt vegna minnkandi eftirspurnar og kostnaðar, útleiga á salnum í MS-húsinu að Sléttuvegi 5 til félagsmanna hófst og félagið hóf einnig að bjóða upp á niðurgreidda

sálfræðiþjónustu í MS-húsinu. Þá hefur nýr framkvæmdastjóri verið ráðinn og hefur störf í ágúst og einnig nýr félagsráðgjafi, sem þegar hefur tekið til starfa.

Félagið sendi fulltrúa á ráðstefnu Evrópusamtaka MS (EMSP) og tók þátt í starfi norræna MS-ráðsins eins og venja hefur verið ásamt því að senda 3 unga fulltrúa á ráðstefnu ráðsins þar sem sérstök áhersla var lögð á ungt fólk með MS.

Minnst var á árlega viðburði svo sem páskabingó, Alþjóðadag MS og styrktarviðburði eins og tónleika þann 11. apríl til styrktar ungu fólki með MS.

Reykjavíkur maraþonið skilaði rúmlega milljón krónum í styrkjum. Þá var kynntur nýr söluvarningur sem kom í sölu, s.s. margnota innkaupapokar og dagatal.

Ýmis fyrirtæki styrktu einnig félagið, t.d. gaf Advania sjónvarpsskjá og Hjálparhönd Íslandsbanka tók til hendinni á lóð hússins. Ýmsir aðrir styrktu framkvæmdir við breytingar á húsinu, en ráðist var í umfangsmiklar breytingar á húsnæði félagsins.

Stærsta breytingin fólst í því að útbúið var viðtalsherbergi sem nýttist m.a. sálfræðingi og félagsráðgjafa og aðalrýmið endurskipulagt og keypt ný húsgögn.

Formaður þakkaði öllum sem veittu félaginu lið á árinu.

2. Endurskoðaður ársreikningur 2018:

Kristrún H. Ingólfssdóttir, löggiltur endurskoðandi, kynnti ársreikninginn. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins kr. 4.598.797. Eigið fé í árslok var kr. 221.414.781, þar af var fasteign að Sléttuvegi 5 rúmlega 142 milljónir. Handbært fé í árslok var rúmlega 50,6 milljónir, sem var ríflega átta milljóna króna hækkun frá fyrra ári.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning :

- a. Spurt var um skuldir félagsins, sem voru rúmar 3 milljónir. Ingdís svaraði því að um væri að ræða ýmsa ógreidda en bókfærða reikninga um áramót, aðallega í tengslum við breytingar á húsnæði skrifstofu.
- b. Athugasemd kom fram um að óánægju gætti vegna þess að greiða þurfti fyrir jólaballið. Björg Ásta, formaður, svaraði því til að jólaballið væri kostnaðarsamt og þegar gjald hafi verið ákveðið hafi ríkt óvissa um afkomu ársins.
- c. Spurt var um sölu á íbúð. Útskýrt var að íbúðin hafi verið í eigu Öryrkjabandalagsins, en ekki félagsins, og hafi leigunni verið sagt upp.
- d. Spurt var um afskriftir fasteigna. Bent var á að skrýtið sé að beita afskriftum þegar verð fasteignar hækkar. Í svari endurskoðanda kom fram að venjan sé að færa afskriftir fasteigna í ársreikningum félaga. Afskriftir rýri heldur ekki raunverulegt verð fasteignar.
- e. Spurt var um leigutekjur. Upplýst var að MS-setrið greiðir rúmlega þrjár milljónir til félagsins.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru síðan borin undir atkvæði og hvort tveggja samþykkt samhljóða.

3. Upphæð árgjalds:

Tillaga stjórnar var að árgjald skuli hækka úr kr. 2500 í kr. 3000. Rökstuðningur fyrir tillögu stjórnar var að þrátt fyrir góða afkomu á síðasta rekstrarári félagsins, sem var afmælisár, þá sé rekstur félagsins sveiflukenndur og almennt sé erfitt að ná í fjármagn. Árgjaldið hafi enn fremur verið óbreytt í fjölda ára og sé með því lægsta sem finnist. Stjórnin telji mikilvægt að tryggja áframhaldandi góðar rekstrarforsendur félagsins og hófleg hækkun árgjalds sé hluti af því. Nokkrar umræður urðu um árgjaldið. Nokkrir fundarmenn töldu mikla óánægju ríkja með hátt gjald miðað við þá þjónustu sem fólk fengi. Fram kom sú athugasemd að sum félög færu að snúast mikið um sjálf sig. Einnig sú spurning hvort sjúklingur á örorkubótum ætti að greiða minna en styrktarfélagar. Björg Ásta ítrekaði að ekki væri gert lítið úr því að vera á örorku en að gjaldið hafi ekki hækkað í sjö ár og væri lágt í samanburði við önnur félög. Síðasta ár var gjöfult, en árið á undan var tap á rekstri og það er óvissa um tekjur fyrir utan fast árgjald. Sigurbjörg Ármannsdóttir taldi árgjaldið hóflegt miðað við þjónustuna. Tillaga stjórnar um hækkun árgjalds var borin undir atkvæði og var samþykkt með 15 atkvæðum. Fimm voru á móti.

4. Lagabreytingar:

Engar lagabreytingatillögur bárust til stjórnar.

5. Kosning stjórnar:

Aðalstjórn

Björg Ásta Þórðardóttir gaf kost á sér til áframhaldandi formennsku og voru engin mótframboð. Var hún því kjörin formaður.

Alvar Óskarsson gaf kost á sér í aðalstjórn og Ólína Ólafsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Engin önnur framboð bárust og voru þau því kosin til stjórnar.

Berglind Björgúlfsdóttir og Ingveldur Jónsdóttir sitja áfram.

Varamenn

Eva Þorfinnsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var hún kosin til áframhaldandi stjórnarsetu.

Lára Björk Bender situr áfram.

Stjórn MS-félags Íslands er því:

Björg Ásta Þórðardóttir, formaður

Alvar Óskarsson

Berglind Björgúlfsdóttir

Ingveldur Jónsdóttir

Ólína Ólafsdóttir

Varamenn:
Lára Björk Bender
Eva Þorfinnsdóttir

6. Kosning skoðunarmanna reikninga:

Stjórnin lagði til að Krístrún H. Ingólfssdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, og Valdimar Leó Friðriksson verði skoðunarmenn reikninga. Það var samþykkt með lófataki.

7. Kosning fulltrúa MS-félagsins á aðalfund ÖBÍ :

Aðalmenn

Félagið tilnefnir Garðar Sverrisson, Ingvaldi Jónsdóttur og Berglindi Ólafsdóttur

Varamenn

Félagið tilnefnir Björgu Ástu Þórðardóttur, Ólínu Ólafsdóttur og Sigurbjörgu Ármannsdóttur

Kosning þeirra var samþykkt. Athugasemd kom frá Garðari um að, að öllum ólöstuðum, væri frekar lélegt að hafa ekki eingöngu fólk með MS sem fulltrúa ÖBÍ. Björg Ásta benti á að gott væri fyrir Berglindi að kynna sér starf ÖBÍ með því að sitja aðalfundinn að þessu sinni.

8. Kosning í nefndir:

Ritnefnd

Samþykkt var að hafa ritnefnd óbreytta, þ.e. að Páll Kristinn Pálsson verði áfram ritstjóri og með honum starfi Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Dagbjört Anna Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Fræðslunefnd

Engin framboð bárust og lagði stjórnin til að fræðslunefnd verði felld niður. Skv. lögum félagsins er fyrirkomulag nefnda sveigjanlegt. Fræðsluteymi starfar innan félagsins, sem í eru Bergþóra Bergsdóttir og tveir fyrrverandi formenn, og er teymið til stuðnings stjórn og skrifstofu. Þetta var samþykkt.

Viðburðanefnd

Kosnar voru Arna Bech, Berglind Björgúlfssdóttir, Ólína Ólafsdóttir og Þórey Dögg Jónsdóttir.

Ungmennaráð

Lagt var til að stofnuð verði ný nefnd, sem ætlað er að starfa í þágu ungs fólks með MS og með því lögð aukin áhersla á þjónustu við umræddan hóp. Stungið var upp á Evu

Þorfinnsdóttur, Halldóru Björk Bergþórsdóttur, Láru Björk Bender, Roy Hearn og Þorgerði Júlíu Halldórsdóttur í ungmennaráð og var kjör þeirra samþykkt. Spurning kom fram um möguleika fólks á að komast í stjórn og nefndir. Fundarstjóri hvatti áhugasama til að taka þátt í starfi félagsins og hafa samband við skrifstofu og stjórn til að koma hugmyndum á framfæri.

9. Önnur mál:

Fyrri liður undir önnur mál var útnefning heiðursfélaga, sem fór fram í byrjun fundarins.

Tilkynnt var um vinningshafa í krossgátukeppni MS-blaðsins. Sigurvegari í henni var Guðný Björg og hlaut hún ásamt hamingjuóskum að launum plakat með myndinni *Tveir þrestir* eftir Eddu Heiðrúnu Backman.

Í fundarlök þakkaði formaður góðan aðalfund, góðar umræður og gagnrýnar spurningar. Hún þakkaði einnig fráfarandi stjórnarmanni fyrir gott starf. Hún hvatti til þátttöku í starfi félagsins og sagðist hlakka til að sjá alla á Alþjóðadegi MS í lok maí. Fundarmenn tjáðu einnig stjórn félagsins og starfsmönnum þakklæti fyrir þeirra störf.

Fundi slitið kl. 18.45